

Skýrsla stjórnar Ský fyrir starfsárið 2016-2017

Flutt á aðalfundi félagsins 28. febrúar 2017
48. starfsári að ljúka

Eins og undarfarin ár hefur nýliðið starfsár Ský verið viðburðaríkt og félaginu til sóma. Markmið Ský eru sem fyrr að halda úti öflugri og faglegri starfsemi á sviði upplýsingatækni, m.a. með ráðstefnuhaldi og fræðslustarfsemi.

Á árinu tókst stjórn, faghópum og framkvæmdastjóra að uppfylla þessi markmið og halda áfram því góða starfi sem unnið hefur verið síðustu ár. Eftir fækkun á árunum fyrir 2011 hefur fjölgað jafnt og þétt í félaginu. Síðustu ár hefur fjölgað jafnt og þétt í félaginu en í ár fækkaði í félaginu um nákvæmlega einn félaga og eru félagsmenn því 1092. Tengslanet Ský (félagsmenn + póstlisti) hefur samhliða þessu stækkað ár frá ári og hefur frá árinu 2009 meira en tvöfaldast. Í ár varð smá fækkun í tengslaneti Ský en þar eru 5034 aðilar skráðir. Það má líta svo á að félagið hafi staðið í stað í stærð en með yfir þúsund félagsmenn þá er félagið á góðum stað.

Stjórn Ský á starfsárinu 2016-2017

Guðjón Karl Arnarson, formaður
Snæbjörn I. Ingólfsson, varaformaður
Helga Dögg Björgvinsdóttir, gjaldkeri
Birna Íris Jónsdóttir, ritari
Theodór Gíslason, meðstjórnandi
Birna Guðmundsdóttir, meðstjórnandi
Kristján Ólafsson, meðstjórnandi

Stjórnin hélt 9 bókaða stjórnarfundum auk nokkurra vinnufunda bæði innan stjórnar, með nefndum félagsins og tengdum aðilum af ýmsu tilefni.

Ráðstefnur og fundir

Félagið stóð fyrir 21 viðburðum á árinu, sem er fækkun frá síðasta ári en þá voru 23 viðburðir. Viðburðirnir í ár hafa flestir verið fjölmennari en í fyrra. Faghópar voru virkir við ráðstefnu- og fundahöld. Yfirlit yfir viðburði er að finna á vefsíðunni www.sky.is undir „Liðnir atburðir“.

Í ár var UTmessan hinn glæsilegasti viðburður og má Ský vera stolt af því að standa að slíkum viðburði. UTmessan var haldin í samstarfi við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Samtök iðnaðarins og Platínium samstarfsaðila. Tilgangur UTmessunnar er að vekja athygli á mikilvægi upplýsingatækninnar og áhrif hennar á einstaklinga, fyrirtæki og íslenskt samfélag. Markmiðið er að sjá marktæka fjölgun nemenda sem velja sér tæknigreinar sem svið í háskólum landsins. Einnig viljum við tengja upplýsingatæknina betur við skólastarf og atvinnulíf og vekja áhuga almennings á upplýsingatækni og mikilvægi hennar á öllum sviðum daglegs lífs. Viðburðurinn var gífurlega vel sóttur, rúmlega þúsund manns voru í Hörpu á föstudeginum þegar ráðstefnuhluti UTmessunnar fór fram og nálægt 13 þúsund manns mættu á laugardeginum þegar sýning opin almennungi fór fram.

UT verðlaun Ský

Frá árinu 2010 hefur Ský veitt árlega Upplýsingatækniverðlaun Ský. Um er að ræða heiðursverðlaun að danskri fyrirmynd fyrir framlag til upplýsingatækni á Íslandi. Reglur verðlaunanna kveða á um að verðlaunað sé framtak sem þegar hafi sannað sig og því er ekki um sprota- eða hugmyndaverðlaun að ræða.

Að þessu sinni hlaut Aðgerðargunnur SAReye UT verðlaunin. Aðgerðargrunnur er hugbúnaðar hannaður af SAReye til þess að halda utan um verkefnastjórnun. Aðgerðargrunnur er þungamiðjan í öllum björgunaraðgerðum Slysavarnarfélagsins Landsbjargar og aðgerðastjórnnum Almannavarna um allt land. Í

honum eru skráðar upplýsingar um hópa, björgunarmenn, tæki sem notuð eru í aðgerðum, samskipti, verkefni sem verða til og þarfnast úrlausnar sem og fjölbreytt skráning hvers kyns gagna sem snerta björgunaraðgerðir með einhverjum hætti.

Fyrirtækið SAReye var stofnað 2013 og er gott dæmi um íslenskt hugvit sem þróað er af sérfræðingum tengdum björgunarsveitum til þess að leysa á sem bestan hátt þarfir þeirra sem vinna við erfiðar aðstæður. SAReye vann Gulleggið 2013 og tók í framhaldinu þátt í Startup Reykjavík. Saga þess frá því að hugmynd kviknar, hvernig stuðningsnet sprotaumhverfis á Íslandi styður við góðar hugmyndir sem blómstra og eru teknar í notkun, er lýsandi dæmi þess að styðja þarf vel við nýsköpunarumhverfi á Íslandi.

Tímaritið Tölvumál, ritnefnd, orðanefnd og síðanefnd

Ritnefnd hélt allmarga fundi á liðnu ári og veglegt eintak af Tölvumálum kom út í byrjun nóvember. Efnistösk blaðsins í ár var „íslenskan og upplýsingatækni“. Blaðið var sent til félagsmanna Ský. Vefútgáfa Tölvumála má finna á vef Ský (www.sky.is) og sífellt má sjá aukningu í lestri þar. Ritnefnd hefur undanfarin ár unnið glæsilegt starf en sífelld vöntun er á fleira fólki til þess að taka upp pennann (eða í okkar tilfelli lyklaborðið) og rita greinar.

Orðanefnd félagsins hefur haldið úti Facebook hópi þar sem líflegar umræður fara reglulega fram um íslensk tölvuorð. Setja þarf enn meiri kraft í nefndina enda þarft að halda því góða starfi áfram sem innt hefur verið af hendi síðustu áratugi. Þýðingar við staðla, frumvörp og reglugerðir tengdar við tölvuheimin eru í gangi í stofnunum og eru aðilar í Orðanefnd tengdir því starfi og má leggja enn meiri áherslu á að þeir sem vinna við þýðingar starfi þétt saman. Stjórn félagsins mun setja aukin kraft í að efla Orðanefndina enn frekar ásamt því að auka samstarf við þá sem starfa að íslenskri þýðingu í tölvugeiranum.

Síðanefnd hefur ekki starfað á vegum Ský síðustu starfsár en vilji er til að koma henni af stað aftur og óskum við eftir félagsmönnum sem áhuga hafa á málefnum að gefa sig fram.

Faghópar

Á liðandi starfsári fjölgaði í nánast öllum hópum og flestir bættu töluvert við sig. Í dag eru einungis einn hópur sem nær ekki 100 meðlimum. Hástökkvari ársins er Öryggishópurinn en þar fjölgaði félögum um 33. Faghópur um vefstjórnun varð fyrstur til þess að rjúfa 200 meðlima múrinn en þar eru núna 210 meðlimir. Faghópur um menntun, fræðslu og fræðistörf náði svo 100 meðlimum en þessi hópur hefur vaxið ört síðustu ár og telur nú 114 meðlimi.

Starf faghópanna var á liðandi ári jafn glæsilegt og áður. Þeirri venju hefur verið fylgt að hver faghópur sjái um að minnsta kosti einn stærri viðburð á vegum Ský á ári og svo var einnig í ár.

Faghópar Ský á starfsárinu eru:

- Fókus, faghópur um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu, félagar 119 en voru 106.
- Öldungadeild, félagar 53 en voru 56.
- Fjarskiptahópur, félagar 129 en voru 110.
- Öryggishópur, félagar 158 en voru 125.
- Faghópur um rafræna opinber þjónustu, félagar 142 en voru 122.
- Faghópur um vefstjórnun, félagar 210 en voru 199.
- Faghópur um hugbúnaðargerð, félagar 144 en voru 123.
- Faghópur um rekstur tölvukerfa, félagar 137 en voru 113.
- Faghópur um menntun, fræðslu og fræðistörfum í UT, félagar 114 en voru 88.

Starf faghópanna er mikilvægur hlekkur í starfsemi félagsins og aldrei að vita nema fleiri faghópar líti dagsins ljós í nánustu framtíð.

Ritun sögu tölvuvæðingar

Haustið 2014 voru liðin 50 ár síðan fyrsta tölvan kom til Íslands að því tilefni átti Öldungadeild Ský frumkvæði að því að hafist yrði handa við að rita sögu tölvuvæðingar á Ísland. Ritun sögunnar hélt áfram á árinu Anna Ólafsdóttir Björnsson tók við ritun af Þorgrími Gestssyni. Við viljum nýta tækifærið og þakka Þorgrími fyrir hans framlag. Í ritnefnd eru Arnlaugur Guðmundsson (formaður ritnefndar), Sigurður Bergsveinsson, Frosti Bergsson, Vilhjálmur Þorsteinsson, Gunnar Ingimundarson, Sigríður Olgeirsdóttir, Þorsteinn Hallgrímsson, Gísli Már Gíslason og Arnheiður Guðmundsdóttir. Sagan var gerð aðgengileg á vef Ský í maí (<http://www.sky.is/index.php/sagautaislandi>). Enn stendur yfir söfnun á ljósmyndum í söguna og stefnt er að því að gefa söguna út á prenti á næsta starfsári. Verkefnið er fjármagnað af styrkjum og þakkar félagið öllum þeim sem styrkja verkefnið.

Innlent samstarf

Skýrslutæknifélagið er með fulltrúa í stjórn Persónuverndar, á árinu tók Þorvarður Kári Ólafsson við af Sigrúnu Gunnarsdóttir sem hefur verið þar fyrir hönd Ský. Félagið er einnig aðili að Icepro. Félagið tekur einnig þátt í alls kyns nefndum og samstarfi sem ekki er talið upp hér.

Erlent samstarf

Skýrslutæknifélag Íslands hefur um margra ára skeið tekið þátt í evrópsku samstarfi upplýsingatæknifélaga á vettvangi CEPIS (Council of European Professional Informatics Societies). Sú samvinna hélt áfram á síðastliðnu ári og erum við þátttakendur í verkefni sem felst í að hvetja konur til að fara í tölvutengt nám, ICT-Women task force og einnig ICT-Computing in Schools ásamt ICT-Ethics en öll evrópsku tölvufélögin eru að reyna að sammælast um siðareglur sem passa almennt fyrir tölvufélög.

Ský tekur þátt í að halda „GirlsInICT Day“ á Íslandi með Háskólanum í Reykjavík og fleirum í apríl ár hvert en það verkefni er keyrt í öllum Evrópulöndum seinnipart apríl til að kynna tölvugeiran fyrir ungum stelpum. Einnig er Ský aðili að CodeWeek og fleiri alþjóðlegum viðburðum eftir því sem við á.

Bebras

Stjórn Ský ákvað að taka boði sem barst í framhaldi af Cepis Council fundinum í apríl 2015 að vera með í alþjóðlegu verkefni sem heitir BEBRAS.

Víkuna 7. – 11. nóvember stóð Ský fyrir Bebras áskorun á meðal barna á aldrinum 6-18 ára. Þetta verkefni hefur breiðst hratt út og var Ísland nú með í annað skipti. Skólunum fjölgaði um 4 og voru að þessu sinni 18 og alls 1780 krakkar sem er mikil aukning frá því í fyrra þegar 476 tóku þátt. Almenn ánægja var með áskorunina og vonir standa til að ennþá betur takist til á þessu ári. Stjórn Ský sótti á starfsárinu um aðild að Bebras samfélaginu en var hafnað, sótt verður aftur um síðar.

Afkoma félagsins

Eins og fram kemur í ársreikningi félagsins var afkoman á árinu mjög góð og skilar félagið hagnaði uppá tæplega 2,9 milljónir kr. en hagnaður í fyrra var 5,5 milljónir kr. Áhætta í rekstri hefur aukist töluvert með tilkomu viðburðar af stærðargráðu UTmessunar og því ánægjulegt að staða félagsins er orðin nægilega sterk til þess að gera brugðist við sveiflum. Það er alls ekki markmið stjórnar að reka félagið með miklum hagnaði en ljóst er að eftir sem áður er nauðsynlegt er að halda vel á spöðunum og halda uppi öflugu fræðslustarfi á árinu til að halda sama striki.

Lokaorð

Skýrslutæknifélag Íslands er nú 48 ára og á sér bæði langa og farsæla sögu sem þverfaglegt félag þeirra sem vilja hagnýta sér eða hafa áhuga á upplýsingatækni. Félagið heldur ráðstefnur, gefur út blaðið Tölvumál, starfrækir faghópa og rekur skrifstofu með einum föstum starfsmanni ásamt aðstoðarmanni á álagstímum. Óhætt er að fullyrða að félagið hefur haft umtalsverð áhrif á framþróun upplýsingatækninnar hér á landi. Starfsemin byggir að miklu leyti á ómældri sjálfboðavinnu stjórnarmanna, ritnefndar, orðanefndar og faghópa. Í félaginu starfar hæft fagfólk úr ýmsum greinum atvinnulífsins sem ekki telur eftir sér að undirbúa atburði félagsins, að ógleymdum fyrirlesurum. Stjórn Ský vill hér með þakka öllum þessum aðilum fyrir þeirra mikilvæga framlag við að efla starfsemi félagsins.

Framkvæmdastjóri félagsins á enn og aftur lof skilið fyrir það mikla starf sem hún hefur innt af hendi á árinu. Hún hefur sýnt mikla hæfileika í verkefnastjórn á stórum sem litlum viðburðum og er þeim kostum gædd að draga fram í dagsljósið allt það besta sem félagsmenn Ský og aðrir í upplýsingatækniheiminum hafa upp á að bjóða. Við teljum að félagið sé vel rekið og mun halda áfram af sama krafti á komandi starfsári.

Á síðasta aðalfundi urðu töluverðar breytingar á stjórn Ský. Ólafur Tr. Þorsteinsson, Sigrún Gunnarsdóttir, Þorvarður Kári Ólafsson og Guðmundur Arnar Þórðarson gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn og viljum við þakka þeim fyrir vel unnin störf á undanförunum árum.

F.h. stjórnar Skýrslutæknifélags Íslands,
Guðjón Karl Arnarson, formaður.